

# Fundur í ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps 24.3.2021

- Haldinn á Skriðuklaustri kl. 17:00

Mætt: Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir (Skotta/formaður), Kristín Gunnarsdóttir (KG) og Gunnar Gunnarsson (GG)

## 1. Skilti við Melarétt

Búið er að taka tilboðum frá PES ehf. og Skógarafurðum ehf. í skiltin. Ferðamálanefnd óskar eftir samráði við fjallskilanevnd um hvaða fjármörk þurfi að koma fram á skiltunum, þ.e. þau sem eru í notkun á hverjum bæ. Skotta ræðir við PES um hönnunina eftir páska. Stefnt er að skiltin verði komin upp fyrir lok júní.

## 2. Skemmtilega skiltið

Varðandi skemmtilega skiltið þá bárust ekki svör frá hönnuðum eins og vonir stóðu til. GG kallar eftir svörum frá þeim.

Farið í vettvangsferð til að kanna nánari aðstæður. Niðurstaða ferðarinnar er að hafa skiltið annað hvort við bílastæðið á Hengifossi eða við Melarétt. Staðirnir hafa ólíka kosti, meðan annar er þekktur staður getur hinn skapað nýjan áfangastað og dregið ferðafólk lengra inn í sveitina. GG og Skotta hafa samband við fleiri álitsgjafa til að ræða þetta.

## 3. Bílastæði við Jökulsárbrú

Ferðamálanefnd vekur athygli á því að vinsælt er að stoppa við ystu brúna yfir Jökulsá því þaðan er einstakt útsýni inn dalinn með Snæfelli í baksýn. Þar er hins vegar takmörkuð aðstaða til að leggja bílum og geta þeir skapað hættu. Ferðamálanefnd beinir því til hreppsnefndar að ræða við Vegagerðina um hvort hægt sé að koma þar upp stæðum til að gera auðveldara að stoppa og um leið auka öryggi.

Fundi slitið 18.30

GG ritaði fundargerð